



H-1121 Budapest, Eötvös u. 41.
Tel./Fax: (36-1) 175-6211
175-6081
175-6281, 175-6681

GRAFOTIP KFT



SELKÓRINN

Í

UNGVERJALANDI

16. - 24. ágúst 1995

UNGVERJALAND

Höfuðborg Ungverjalands og stjórnarsetur er Budapest, íbúatala er 2.115.000. Borgin liggur nokkuð miðsvæðis í landinu og þar er miðstöð samgangna í lofti og á landi. Til gamans, þegar flogið er frá Keflavík með viðkomu í London er leiðin til Budapest hálfuð þegar flogið er yfir Leeds. Loftslag er temprað meginlandsloftslag með tiltölulega stuttum vetri. Júní er mesti úrkomumánuðurinn, en haustið er yfirleitt þurrviðrasamt. Meðalhiti í Budapest í janúar er - 2,3 °C, en heitasti mánuðurinn er júlí, þá er hitinn jafnaðarlega 21°C.

Ungverjar hafa verið meðlimir Sameinuðu þjóðanna síðan 1955.

Í borgargarðinum í Budapest er Szechenyiheilsulindin (og sundstaðurinn). Lindin er 76°C heit við uppsprettu. Fleiri sundlaugar og heilsulindir eru í höfuðborginni. Balatonvatn er umkringt baðstöðum og heilsulindum.

Budapest hefur fengið nafnið "Litla París" vegna veitinga- og kaffihúsalífs.

Szentendre er ekki stór bær, en er þó mekilegur fyrir margra hluta sakir. Þar hefur m.a. verið mannabyggð síðan á steinöld og eru merkustu fornleifar sem fundist hafa á þessum slóðum úr brenndum leir. Það kemur vel saman því að í Szentendre eru og hafa verið listamannaylendur. Minjasafn bæjarins er nefnt eftir listmálaranum Károly Fernexy, þar eru forminjar og sögulegar minjar bæjarins t.d. þjóðbúningar þjóðernisminni-hlutanna, listaverk og fleiri forvitnilegir munir úr sögu lands og þjóðar. Í Szentendre er fjöldi kirkna af mörgum kirkjudeildum

Á leið til Zarospatak keyrum við í gegn um Miskolc sem er önnur stærsta borg Ungverjalands. Borgin er norð-austarlega í landinu í Norðurfjöllum og héraðið nefnist Borsod. Þar eru ræktaðar svo til allar þær matjurtir sem Evrópumenn leggja sér til munns og vinrækt þar um allar hliðar. Í sjálfri borginni er hnjúkurinn Avas, 234m hárr og er hann vaxinn vinvíði og öðrum suðrænum gróðri. Efst er útsýnisturn, og sér þaðan vitt yfir borgina og nágrenni hennar. "Safnhúsið" í Papszer geymir fróðlega deild steinaldar og nýsteinaldarminja.

Í Miskolc er mikill iðnaður, þar er framleitt m.a. járn og stál, verksmiðjuvélar, múrsteinn, leirvörur, postulín og gler, og vörur úr þessu efnum. Vörur úr lifrænum efnum, svo sem pappirsíðnaður dúkagerð og fatagerð ásamt leðursíðnaði er talsverð. Einnig keyrum við um Szeged (21/8) sem er í tölu stærri borga. Szeged er oft nefnd "Drottningin við Tiszu", en á henni siglum við (22/8) á leið til Tokaj. Eina Ungverska vinið sem fæst í ríkinu heitir Tokaj Samorandi og er fremur sætt og bragðmikið hvítvín í 1/2 l flöskum og kostar 790 kr flaskan.

Í Szeged er mikið ræktað af einkennisjurt Ungverja paprikunni. Í Szeged er Ferenc Liszt tónlistarskólinn. Szeged er líka mikil blómaborg. Í Ungverjalandi eru leikskólar og dagheimili fyrir 3-5 ára börn. Grunnskólinn tekur við börnum sex ára gömlum, þá er skólaproski þeirra prófaður, til að ákvarða hvaða námsefni og kennsla muni henta þeim best. Það sem helst er ólíkt ungersku skólunum og þeim íslensku er að Ungverjar leggja mikla áherslu á tónlistarnám. Söngur og hljóðfæraleikur er gildur þáttur í skólalastarfinu.

Helstu tónskáld Ungverja eru Ferenc Erkel (1810 - 1893) hann samdi þjóðsönginn og eitt hjartfölgna listaverk Ungverja Bánk Bán (1861) en þar leggjast á eitt tónlist Erkels og harmleikur Josefs Katona (1792 - 1830) (hann er nefndur faðir ungerskrar leikritunar).

Franz Lizt (1811 - 1886), Salve Regina er m.a. eftir hann.

Michael Mosonyi (1814 - 1945)

Béla Bartók (1881 - 1945)

Zoltan Kodály (1882 - 1967)

Heimildir: Íslenska alfræðiorðabókin 1990
Bókaf. Lönd og Lýðir 1977

Rannveig Ívarsdóttir

